

Fundargerð

3. fundur Öldungaráðs Dalabyggðar og Reykhólahrepps

miðvikudaginn 16. nóvember 2016 kl. 13.00.

Fundarstaður: Félagsheimilinu Tjarnarlundi.

Mætt eru: Jóna Valgerður Kristjánsdóttir og Þrúður Kristjánsdóttir, fulltrúar Félags eldri borgara, Eyþór Jón Gíslason og Ingveldur Guðmundsdóttir, fulltrúar Dalabyggðar, Sandra Rún Björnsdóttir og Vilberg Þráinsson, fulltrúar Reykhólahrepps, og María Játvarðardóttir félagsmálastjóri Reykhólahrepps. Inga Vildís Bjarnadóttir félagsráðgjafi Dalabyggðar boðaði forföll.

Formaður bauð alla velkomna og setti fundinn.

1. Fjárhagsáætlun Dalabyggðar.

Eyþór fór yfir þann hluta fjárhagsáætlunar Dalabyggðar sem snýr að málefnum aldraðra. Fundargerð Öldungaráðs var tekin fyrir hjá Byggðarráði.

Varðandi félagsþjónustuna er búið að ráða starfsmann í hlutastarf.

Unnið er að því að koma á heimsendingu á mat. Í tengslum við það sagði Eyþór frá því að fyrirhugaðar breytingar eru á Silfurtúni þar sem Dalakot mun sjá um að elda matinn fyrir heimilið. Sveitarstjóra hefur verið falið að ræða við Dalakot um að elda mat sem hægt er að senda heim til eldri borgara í Búðardal. Verið er að kanna þörfina í Búðardal.

Styrkur til Félags eldri borgara verður óbreyttur. Þann styrk getur félagið m.a. notað í akstur. Kominn er starfsmaður í hlutastarfi í félagsstarfið.

Varðandi sérhannað húsnæði fyrir aldraða er Dalabyggð með tvær íbúðir en alltaf er verið að skoða málin. Hugmyndavinna varðandi stækkun á Silfurtúni er komin af stað þar sem ein hugmyndin er að byggja nýja hjúkrunarálmu við núverandi húsnæði. Með því væri hægt að nota aðra af gömlu álmunum í u.þ.b. 4 íbúðir.

Eyþór fór yfir framlög sveitarfélagsins til málaflokksins.

Heimaþjónustan lækkar örlítið frá fyrra ári en það felst að mestu leyti í ódýrari starfsmanni.

Tómstundastarfið hækkar á næsta ári vegna starfsmannsins sem kominn er þar inn.

Afsláttur á fasteignagjöldum, þar er gert ráð fyrir að hækka viðmiðunargjaldið um 5% og þá eiga fleiri möguleika á að koma inn í afsláttinn.

Dalabyggð veitir 5% afslátt af fasteignagjöldun fyrir alla ef gjöldin eru greidd í einu lagi í febrúar.

2. Fjárhagsáætlun Reykhólahrepps.

Vilberg fór yfir þann hluta fjárhagsáætlunar Reykhólahrepps sem snýr að málefnum aldraðra.

Afsláttur fasteignagjalda, gert er ráð fyrir að hækka viðmiðunarupphæð tekna

umfram vísitöluhækkun þannig að fleiri njóti afsláttar af fasteignagjöldum og jafnvel er rætt um að þrepaskipta afslættinum.

Tómstundafulltrúi sinnir Barmahlíð í u.þ.b. 5% starfi. Auk þess er félagsþjónustan með þrjá starfsmenn í hlutastarfi sem sjá um félagsstarfið.

Styrkur til Félags eldri borgara verður óbreyttur.

Barmahlíð verður rekin eins og áður. Helstu verkefnin sem þar eru, fyrir utan heimilið sjálft og íbúa þess, er áframhaldandi vinna við lóð heimilisins, sem kemur að sjálfsögðu fleirum til góða en heimilisfólki. Rætt hefur verið um að fá ráðgjöf við innra skipulag Barmahlíðar.

Heimsendur matur, þjónustan hefur verið í boði en hún hefur ekki verið nýtt.

Ábending kom frá Öldungaráðinu um að auglýsa þurfi heimsendingu matar fyrir eldri borgara.

3. Önnur mál.

Þrúður tók til máls og sagði félagið telja sig vera í góðum málum, kominn sé starfsmaður sem aðstoði við félagsstarfið og Silfurtún vill fá félagið meira inn til sín. Þegar gönguhópurinn kemur við í Silfurtúni er hópnum boðið upp á kaffi. Heimilismenn í Silfurtúni bíða stundum eftir gönguhópnum til að spjalla.

Jóna Valgerður sagði að auka þyrfti félagsstarf fyrir íbúa í Barmahlíð, t.d. væri gaman ef það væri bíll sem fer frá Barmahlíð og keyrir eldri borgara á viðburði á vegum Félags eldri borgara og það væri einnig auglýst fyrir aðra í sveitarfélaginu. Ekki treysti allir sér til að keyra sjálfir. Spurning hvort hægt sé að fá einhvern aðila til að keyra 1x í viku á viðburði í Búðardal, Króksfjarðarnesi eða Tjarnarlundi. Möguleiki að nýta einhvern hluta af styrk sveitarfélagsins til að greiða fyrir þetta og jafnvel að hver og einn farþegi greiði t.d. 1000 kr. fyrir ferðina. Það er dagskrá á vegum félagsins í október og nóvember og svo aftur í febrúar og mars. Dagskráin er kl. 13-16 á fimmtudögum. Umræða varð um hvort hægt sé að nýta skólabíla í þessa þjónustu. Málinu vísað til Vilbergs til skoðunar.

Jóna Valgerður sagði frá því að verið er að ræða breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og að það eigi að setja inn í lögina grein um að sveitarstjórnir séu skyldugar til að skipa í öldungaráð.

Umræða var um aukið samstarf sveitarfélaga varðandi Öldungaráðið í samræmi við vinnu sveitarfélaganna við svæðisskipulagið. Ekki er starfandi öldungaráð í Strandabyggð. Engar ákvarðanir teknar.

Formaður þakkaði fundarmönnum góðan fund og sleit fundi kl. 14.05.

Ritari Sandra Rún Björnsdóttir